



# Persónuverndarstefna Fossa fjárfestingarbanka hf.

Útgáfa	3.0	Dagsetning	11.05.2026
Ákvörðunaraðili:	Persónuverndarfulltrúi	Endurskoðun:	11.5.2027
Eigandi:	FOS-Persónuverndarfulltrúi		
Birting:	Utanhúss		

## 1 Inngangur

Fossar fjárfestingarbanki hf., kt. 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík (hér eftir einnig vísað til „Fossa“ eða „bankinn“), er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram af hálfu bankans.

Bankinn leggur ríka áherslu á að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan bankans.

Persónuverndarstefna þessi gildir um þá vinnslu sem bankinn hefur með höndum um viðskiptavinum sína og, eftir atvikum, hugsanlega viðskiptavinum. Þá gildir stefnan einnig um þá einstaklinga sem leita til bankans, svo sem með því að senda fyrirspurnir eða erindi og einstaklinga sem sækja um störf hjá bankanum. Auk þess gildir hún um vinnslu sem bankinn hefur með höndum um tengiliði birgja og annarra samningsaðila.

Í persónuverndarstefnu þessari er vísað sameiginlega til þessara einstaklinga sem „þín“ og til bankans sem „okkar“.

## 2 Tilgangur og lagaskylda

Bankinn leitast við að uppfylla í hvívetna persónuverndarlöggjöf og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“).

## 3 Persónuupplýsingar sem bankinn vinnur

### 3.1 Viðskiptavinir bankans

Bankinn aflar eftirfarandi upplýsinga um viðskiptavinum- eða hugsanlega viðskiptavinum, í þeim tilvikum þegar viðskiptavinur bankans er lögaðili, aflar bankinn upplýsinga um forsvarsmenn lögaðilans:

Ef þú ert viðskiptavinur eða hugsanlegur viðskiptavinur vinnur bankinn eftirfarandi upplýsingar um þig:

- grunn- og tengiliðaupplýsingar, þ.e. nafn, kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer;
- upplýsingar vegna áreiðanleikakannana, s.s. afrit af skilríkjum sem sanna deili á þér, þ.e. vegabréf, ökuskráir eða rafræn auðkenni, upplýsingar um starf, stjórn mála og tengsl, orðspor; og
- upplýsingar um viðskipti; s.s. afrit af samningum og öðrum skjölum sem þú hefur undirritað, upplýsingar um viðskiptasögu, afrit af viðskiptafyrirmælum og upplýsingar um þóknunir.

Bankinn aflar almennt þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með beint frá viðskiptavinum, en grunnupplýsinga kann einnig að vera aflað frá Þjóðskrá.

Þá kann bankinn að þurfa að afla frekari upplýsinga um þá viðskiptavinum sem nýta sér fjárfestingarþjónustu, eins og:

- upplýsingar um fjárhagsstöðu, s.s. um uppruna og umfang reglulegra tekna, upplýsingar um eignir, þ.m.t. lausafjáreignir, upplýsingar um fjárfestingar og fasteignir, og upplýsingar um reglulegar fjárhagsskuldbindingar þínar; og

- upplýsingar um fjárfestingarmarkmið, s.s. hve lengi þú óskar eftir að halda fjárfestingunni, óskir um áhættutöku, áhættusnið og tilgang með fjárfestingunni. upplýsingar um viðeigandi þekkingu þína, s.s. um tegundir þjónustu og viðskipta- og fjármálagerninga sem þér eru kunnug;
- upplýsingar um viðeigandi reynslu þína, s.s. um menntunarstig og atvinnu eða fyrri atvinnu sem máli skiptir í þessu sambandi;
- upplýsingar um eðli, umfang og tíðni viðskipta af þinni hálfu með fjármálagerninga og tímabilið sem þau hafa farið fram á; og
- upplýsingar um fjárhagsstöðu, s.s. lánshæfi og upplýsingar úr vanskilaskrá frá Lánstrausti.

Það getur reynst nauðsynlegt að vinna persónuupplýsingar um börn eða aðra ólöggráða einstaklinga til að uppfylla þá þjónustu sem óskað hefur verið eftir.

Megintilgangur vinnslu persónuupplýsinga hjá Fossum er að þjónusta viðskiptavinum bankans og uppfylla þannig þann samning sem felst í viðskiptasambandi aðila.

Persónuupplýsingar eru einnig unnar til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á bankanum í tengslum við starfsemi hans, svo sem vegna ákvæða laga um aðgerðir gegn peningabætti, ákvæða laga um markaði fyrir fjármálagerninga, ákvæða laga um fjármálafyrirtæki, ákvæða bókhaldslaga og vegna upplýsingagjafar til eftirlitsaðila eða annarra opinberra aðila.

Bankinn kann einnig að nýta grunn- og tengiliðaupplýsingar til að senda viðskiptavinum markaðsefni. Slík samskipti grundvallast á lögmætum hagsmunum bankans. Markaðsefni er aðeins sent öðrum en viðskiptavinum, eða hugsanlegum viðskiptavinum sem hafa sett sig í samband við bankann, á grundvelli samþykkis Hægt er að afturkalla samþykki með því að afskrá sig af póstlistum.

### 3.2 Einstaklingar sem hafa samband við bankann, fundargestir o.fl.

Þegar þú hefur samband við bankann með bréfpósti, tölvupósti eða símleiðis, eða þegar þú mætir á fund hjá bankanum, kann bankinn að skrá niður eftirfarandi upplýsingar:

- tengiliðaupplýsingar, s.s. um netfang, nafn og símanúmer;
- upplýsingar um vinnuveitanda, ef við á;
- afrit af samskiptum milli þín og bankans (s.s. afrit af tölvupóstum eða uppteknum símtölum); og
- upplýsingar um heimsóknir, eins og fundartíma og fundarefni.

Þessar upplýsingar eru unnar til að geta svarað fyrirspurnum, haft samband við gesti og til að skipuleggja og halda fundi eða viðburði á vegum bankans. Vinnslan byggir þannig á lögmætum hagsmunum bankans.

Ef þú ert samstarfsaðili Fossa, eða fyrirsvarsmaður samstarfsaðila, kann bankinn að skrá grunnupplýsingar og tengiliðaupplýsingar um þig, en slík vinnsla fer fram í þeim tilgangi að geta haft samband við þið í tengslum við samning milli samstarfsaðila og Fossa og grundvallast hún á lögmætum hagsmunum.

### 3.3 Umsækjendur um störf

Þegar þú sækir um starf hjá bankanum þarf það ákveðnar upplýsingar og gögn til að geta átt í samskiptum við þig og lagt mat á umsókn þína og hæfni.

Í þeim tilgangi er unnið með upplýsingar eins og:

- nafn, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang;
- afrit af ferilskrá, prófskírteini og kynningarbréfi, eftir því sem við á;
- upplýsingar um meðmæli og umsagnir;
- niðurstöður úr atvinnuviðtali og hæfnisprófi; og
- mat á hæfni.

Upplýsinga kann að vera aflað frá umsagnaraðilum eða meðmælendum um þá umsækjendur sem koma til greina í störf hjá bankanum. Ef umsækjendur eru beðnir um að svara spurningum eða leysa úr verkefnum í tengslum við mat á hæfni eru slíkar upplýsingar unnar.

Ef bankinn býður umsækjanda starf er að jafnaði óskað eftir sakavottorði og upplýsingum um fjárhagslega stöðu viðkomandi ásamt annars konar upplýsingum, s.s. sem staðfesta menntun og reynslu.

Bankinn vinnur með persónuupplýsingar um umsækjendur á grundvelli samnings, þ.e. beiðni um að gera samning. Almenn berast persónuupplýsingar og umsóknargögn frá umsækjendum sjálfum og eftir atvikum frá umsagnaraðilum og meðmælendum.

### 3.4 Rafræn vöktun

#### 3.4.1 Myndavélaeftirlit

Hjá Fossum er viðhaft myndavélaeftirlit í öryggis- og eignarvörslutilgangi. Þau svæði sem vöktuð eru með notkun eftirlitsmyndavéla eru sérstaklega merkt. Vinnslan byggir á lögmætum hagsmunum bankans.

#### 3.4.2 Hjóðritun símtala

Þegar þú átt í samskiptum við starfsmenn Fossa í gegnum síma, sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta fyrir eigin reikning eða móttöku miðlunar og framkvæmdar fyrir mæla viðskiptavina, eru slík símtöl hljóðrituð. Slík vinnsla byggist á lagaskyldu.

### 3.5 Stafrænar upplýsingar

Þú lætur af hendi persónuupplýsingar með óbeinum hætti þegar þú t.d. heimsækir heimasíðu og aðra samfélagsmiðla sem bankinn kann að nota. Upplýsingar sem Fossar kunna að fá með þeim hætti eru t.d. tölvuauðkenni (IP tala), fótspor (e.cookies) o.fl. Nánar er fjallað stafrænar upplýsingar undir kaflanum vafrakökur á heimasíðu Fossa.

## 4 Vafrakökur á vefsvæði Fossa

### 4.1 Hvað eru vafrakökur

Vafrakökur eru smáar textaskrár sem vistast í tölvu eða snjalltæki notenda þegar vefsíða er heimsótt í fyrsta sinn. Sé vefsíða heimsótt aftur frá sama tæki virkjast vafrakökurnar og þar með t.d. kjörstillingar notenda. Fossar nota vafrakökur til að tryggja almenna virkni, mæla umferð, styðja markaðsaðgerðir og tryggja besta mögulega upplifun notenda.

Vafrakökum er skipt í þrjá flokka:

- Nauðsynlegar vafrakökur eru notaðar til að tryggja grunnvirkni vefsíðunnar og eru þær sjálfkrafa virkar.
- Tölfræði vafrakökur safna saman gögnum um notkun vefsíðunnar. Slík gögn eru nauðsynleg til þess að taka upplýstar ákvarðanir um breytingar á vefsíðunni. Markmið breytinganna er alltaf bætt notendaupplifun.
- Vafrakökur sem styðja markaðsaðgerðir safna upplýsingum um hegðun notenda og gera fyrirtækjum kleift að birta notendum auglýsingar út frá þessum upplýsingum.

### 4.2 Hvernig nota Fossar vafrakökur ?

Notkun á vafrakökum á vefsvæði Fossa byggist annað hvort á lögmætum hagsmunum Fossa eða samþykki notenda, sbr. lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vafrakökur sem byggja á lögmætum hagsmunum eru nauðsynlegar vafrakökur sem tryggja virkni og öryggi samskipta á vefsvæðum Fossa. Ekki er hægt að slökkva á þessum vafrakökum. Vafrakökur sem byggja á samþykki notenda eru tölfræðivafrakökur og vafrakökur sem styðja við markaðsaðgerðir.

### 4.3 Hvernig er hægt að slökkva á vafrakökum ?

Þegar notandi heimsækir vefsvæði Fossa í fyrsta skipti birtast upplýsingar um vafrakökur í fæti síðunnar. Þar geta notendur valið að leyfa eða hafna þeim valfrjálsum vafrakökun sem Fossar nota. Hægt er að breyta ákvörðun um að samþykkja eða hafna valfrjálsum vafrakökum.

## 5 Varðveisla persónuupplýsinga

Upplýsingar eru varðveittar líkt og lagaskylda kveður á um, og ekki lengur en nauðsyn krefur, nema lögmætir hagsmunir bankans réttlæti það, s.s. vegna viðskiptalegra hagsmuna t.d. til að setja fram eða verja kröfur. Eftir þann tíma er gögnunum eytt, eða þau gerð ópersónugreinanleg. Hversu lengi persónuupplýsingar eru varðveittar fer því eftir tegund þeirra og eðli, en upplýsingar sem varða viðskipti viðskiptavina með fjármálagerninga á mörkuðum og aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru aldrei varðveittar skemur en 5 ár á grundvelli lagaskyldu.

Í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994 varðveita Fossar bókhaldsgögn í 7 ár frá lokum viðkomandi reikningsárs.

Upplýsingar sem safnað er með rafrænu eftirliti myndavéla eru varðveittar í 30 daga, en upptökur á símtölum eru varðveittar í 5 ár á grundvelli lagaskyldu.

## 6 Samband Fossa og Íslenskra verðbréfa

Fossar og Íslensk verðbréf hf. (ÍV) hafa gert með sér þjónustusamning um umsjón með viðskiptasamböndum og dreifingu sjóða ÍV. Í þeim tilvikum þar sem viðskipti í sjóðum ÍV og tengd þjónusta fer fram hjá Fossum koma félögin ýmist fram sem sameiginlegar ábyrgðaraðilar eða sjálfstæðir ábyrgðaraðilar.

Þegar Fossar annast sölu og dreifingu sjóða ÍV og sinna viðskiptasamböndum koma félögin fram sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar. Þegar félögin sinna sjálfstæðum skyldum sínum kemur hvort félag fram sem sjálfstæður ábyrgðaraðili.

Félögin hafa gert með sér samning um ábyrgð vegna vinnslu persónuupplýsinga. Til þess að félögin geti þjónustað viðskiptavinum sína er nauðsynlegt að miðla persónuupplýsingum milli félaganna. Félögin miðla persónuupplýsingum þínum sín á milli á grundvelli lagaskyldu, samnings eða lögmætra hagsmuna.

Komi til þess að ÍV og Fossar, bjóði viðskiptavinum sameiginlegar vörur eða þjónustu, munu félögin koma fram sem sameiginlegir ábyrgðaraðilar.

## 7 Miðlun til þriðju aðila

Fossar kunna að nýta sér þjónustu þriðju aðila við vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. um viðskiptavinum og umsækjendum um störf. Sem dæmi má nefna þjónustu upplýsingatæknifyrirtækja sem sjá um hýsingu á gögnum bankans og veita tæknilega aðstoð. Slíkir þriðju aðilar koma fram sem svokallaðir vinnsluaðilar og tryggir bankinn að slíkir aðilar hafi gripið til fullnægjandi ráðstafana til að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem þeir vinna fyrir hönd bankans.

Hvað varðar miðlun Fossa á upplýsingum til þriðja aðila á hún sér aðeins stað sé bankanum það lagalega skylt, s.s. til eftirlitsaðila, eða á grundvelli dómsúrskurðar. Bankanum kann þó í undantekningartilvikum að vera nauðsynlegt að miðla afmörkuðum upplýsingum til sjálfstæðra ráðgjafa sem veita bankanum þjónustu, s.s. utanaðkomandi lögmanna og/eða endurskoðenda. Í slíkum tilvikum ber bankanum að tryggja að þeir aðilar gangist undir trúnaðarskyldu.

Persónuupplýsingum er ekki miðlað til landa utan EES-svæðisins nema það sé nauðsynlegt til að framkvæma fyrirsmæli viðskiptavina.

## 8 Öryggi persónuupplýsinga

Fossar leggja mikla áherslu á að vernda öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina sinna og annarra aðila sem bankinn vinnur persónuupplýsingar um. Fossar leitast eftir því að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til verndar persónuupplýsingum, með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi, sem og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

Dæmi um öryggisráðstafanir sem Fossar grípa til eru aðgangsstýringar í kerfum bankans og aðskildum vefþjónum þar sem við á. Innskráningarupplýsingar á fjárfestavef eru dulkóðaðar, sem og aðrar upplýsingar eftir því sem við á.

Stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Fossum tekur mið af leiðbeinandi tilmælum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 12019 og viðmiðunarreglu Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar um stjórnun áhættu vegna upplýsinga og samskiptatækni.

## 9 Réttindi þín

Í persónuverndarlögum eru þér tryggð tiltekin réttindi varðandi persónuupplýsingar þínar. Réttindi þín geta vera háð takmörkunum meðal annars vegna lagaákvæða og reglna, hagsmuna annarra o.fl.

### Aðgangur að þínum persónuupplýsingum

Þú átt rétt á að fá upplýsingar frá Fossum um hvort unnið sé með persónuupplýsingar, tilgang vinnslu, heimildir vinnslu, varðveislutíma o.fl. Þú átt einnig rétt á að fá aðgang að þínum upplýsingum.

### Flytja þínar persónuupplýsingar

Í tilgreindum tilvikum átt þú rétt á að fá persónuupplýsingar um þig, sem þú hefur sjálf/ur afhent Fossum eða heimilað Fossum að afla, afhentar á rafrænu formi. Jafnframt átt þú rétt á að Fossar flytji þær upplýsingar, að þinni ósk, til annars ábyrgðaraðila sé það mögulegt.

### Réttur til leiðréttingar eða eyðingar persónuupplýsinga

Þú átt rétt á að koma á framfæri breytingum á upplýsingum þínum, t.d. hvað varðar breytt heimilisfang, dvalarstað, pósthólf o.fl.

Þú átt rétt á að láta leiðrétta rangar persónuupplýsingar um þig. Í tilgreindum tilvikum getur þú einnig átt rétt á að láta eyða persónuupplýsingum um þig.

### Réttur til að andmæla eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga

Þú átt rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga sem byggð er á lögmætum hagsmunum, s.s. móttöku markaðsefnis frá Fossum.

Þá getur þú átt rétt á að vinnsla persónuupplýsinga um þig sé takmörkuð tímabundið, t.d. ef þú telur að:

- persónuupplýsingar um þig séu ekki réttar;
- Fossar hafi ekki heimild til vinnslunnar; eða
- að Fossar þurfi ekki lengur á persónuupplýsingum þínum að halda.

Fossar leitast við að svara öllum beiðnum sem berast hvað varðar ofangreind réttindi innan mánaðar frá því að beiðni kemur fram.

## 10 Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Fossar hafa tilnefnt persónuverndarfulltrúa sem m.a. hefur það hlutverk að ráðleggja bankanum um skyldur á grundvelli persónuverndarlaga, tryggja framfylgni bankans við persónuverndarlög og vera tengiliður bankans við Persónuvernd og þá einstaklinga sem bankinn vinnur upplýsingar um.

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í 7. gr. í stefnu þessari, eða ef þú hefur einhverjar spurningar vegna persónuverndarstefnu þessarar eða það hvernig bankinn vinnur með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við persónuverndarfulltrúa Fossa sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina þér um réttindi þín samkvæmt persónuverndarstefnu þessari.

Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa eru eftirfarandi:

[personuvernd@fossar.is](mailto:personuvernd@fossar.is)

Ef þú ert ósátt/ur við það hvernig bankinn vinnur persónuupplýsingar þínar eða hvernig bankinn hefur svarað beiðni sem þú hefur sent bankanum, átt þú rétt til þess að senda kvörtun til Persónuverndar. Á heimasíðu Persónuverndar má finna nánari upplýsingar um réttindi þín, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

## 11 Endurskoðun

Fossar áskilja sér rétt til að breyta persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum, eða vegna breytinga á því hvernig bankinn vinnur með persónuupplýsingar. Breytingar á stefnunni skulu taka gildi eftir að uppfærð stefna hefur verið birt á vefsíðu bankans.

## 12 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0.	08.08.2024	Persónuverndarfulltrúi	Fyrsta útgáfa persónuverndarstefnu fyrir ytri aðila.
2.0	05.01.2026	Persónuverndarfulltrúi	Regluleg rýni.
3.0	11.05.2026	Persónuverndarfulltrúi	Kafla um stafrænar upplýsingar og vafrakökur bætt við og kafla um samstarf Fossa og ÍV.